Þingskjal nr. 14

*33. þing Landssambands ísl. verzlunarmanna*
*19.-20. október 2023*

---

## Málefnastarf - Verðbólga og kaupmáttur

Vaxandi verðbólga og vaxtahækkanir Seðlabanka Íslands hafa orðið til þess að kaupmáttarhækkanir félaga innan LÍV hafa horfið eins og dögg fyrir sólu. Markmið okkar í komandi viðræðum er að tryggja endurnýjun þess stöðugleika sem hér ríkti fyrir heimsfaraldur og ná vöxtum hratt niður með öflugum aðgerðum. En hvaða aðgerðir eru þær sem við viljum að stjórnvöld leggi áherslu á?

1. Sértækur bankaskattur (hávaxta arður)
2. Aðgerðir í loftslagsmálum lækki álögur á launafólk
3. Álögur ríkisins á eldsneyti lækkaðar
4. Fjarlægja þarf hækkun fasteignaverðs úr neysluvísitölunni til að hún mæli í raun neyslu þegar kemur að húsnæði en ekki eignabreytingar á húsnæðismarkaði. Í stað breytinga á fasteignaverði leggur VR til að mælikvarðinn í vísitölunni verði reiknuð húsaleiga.
5. Virðisaukaskattur á matvæli lækkaður til frambúðar
6. Skattbyrði láglaunafólks minnkuð með því að hækka persónuafslátt og/eða lækka skattprósentu í lægsta þrepi.
7. Barnabætur hækkaðar
8. Persónuafsláttur fylgi launaþróun
9. Orlofs- og desemberuppbætur verði undanþegnar skatti
10. Vextir á verðtryggðum lánum verði afnumdir með lögum
11. Seðlabanki Íslands greini þróun í arðsemi og arðgreiðslum
12. Samkeppnisstofnun verði efld með það að markmiði að efla sjálfstæðar rannsóknir hennar
13. Bullgjöld banka kortlögð og afnumin
14. Af arðgreiðslum skal greiða almennan tekjuskatt og útsvar upp að 120.000.000 kr. á ári og frá 120.000.001 kr. greiðist fjármagnstekjuskattur 20%.
15. Fjármagnstekjur yfir 5.000.000 kr. skuli greiða tekjuskatt og útsvar.
16. Koma á 4.000 kr. komugjaldi á erlenda ferðamenn, komugjaldið gildir í 2 ár. ( svipað og ESTA í USA )